



Reykjavíkurborg

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2023  
VEL23050017

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 10 – 10. mál.**

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, er send var Reykjavíkurborg til umsagnar þann 12. október 2023.

Af hálfu Reykjavíkurborgar var send umsögn um fyrri tillögu til þingsályktunar um málið sem lögð var fram á 153. löggjafarþingi (þingskjal 703-546. mál).

Það er mat Reykjavíkurborgar að afar brýnt sé að tryggja eftirlit með rekstri og umsjón áfangaheimila ásamt því að leyfisskylda verði gerð að skilyrði fyrir rekstri slíkra úrræða. Því telur Reykjavíkurborg framkomna tillögu til þingsályktunar mjög jákvæða.

Ljóst er að lagarammi í tengslum við áfangaheimili er mjög takmarkaður og skýra skilgreiningu á úrræðinu er hvergi að finna í lögum. Þeir einstaklingar sem dveljast á áfangaheimilum eru oftast einstaklingar í viðkvæmri stöðu og því er mjög brýnt að gerðar séu ríkar kröfur til þeirra sem sinna þjónustu við þá. Einnig er mjög brýnt að lög og/eða reglugerð kveði á um hvaða lágmarkskröfur eigi að gera til starfsemi áfangaheimila, bæði rekstrarlega og einnig varðandi innihald þjónustunnar og þess stuðnings sem þar er veittur.

Óformleg skilgreining á þeim áfangaheimilum sem rekin eru á vegum Reykjavíkurborgar er á þennan veg:

*Áfangaheimili er tímabundið leiguhúsnaði sem ætlað er einstaklingum sem lokið hafa vímuefnaeðferð, neyta ekki vímuefna, eru í virkri endurhæfingu og þurfa stuðning við að aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Notendur þurfa að hafa færni og getu til að fylgja húsreglum og búa í nánun samneyti við aðra íbúa.*

Reykjavíkurborg telur einnig rétt að eftirlit, umsókn og leyfisskylda nái almennt til allra aðila sem veita þjónustu eða stuðning til einstaklinga sem teljast í viðkvæmri stöðu. Slíkt myndi þá ná til aðila sem ekki teljast leyfisskyldir samkvæmt öðrum lögum, t.d. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Nauðsynlegt væri þá að skilgreina hvaða hópar það eru sem falla undir það að teljast vera í viðkvæmri stöðu og hvaða lágmarkskröfur eigi að gera til þeirra aðila sem veita slíkum hópum stuðning eða þjónustu.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

f.h. Reykjavíkurborgar,



Helga Jóna Benediktsdóttir,  
lögfræðingur,  
velferðarsviði Reykjavíkurborgar